

28. fundur skóla- og fræðslunefndar haldinn kl. 16:00 á Breiðabliki 12. janúar 2021

Mætt voru: Sigurbjörg Ottesen, Veronika G. Sigurvinsdóttir, Gísli Guðmundsson, Ingveldur Eiríksdóttir skólastjóri, Sigurður Jónsson fulltrúi kennara og Kristján Magnússon fulltrúi Borgarbyggðar. Jón Ásgrímsson boðaði forföll.

Sigurbjörg setti fund, bauð fundarmenn velkomin og upplýsti um breytingu í nefndinni. Sigurbjörg tekur við formennsku sem varaformaður og Gísli Guðmundsson kemur í nefndina sem fulltrúi sveitastjórnar. Katrín Gísladóttir hefur beðist tímabundið undan setu í nefndinni.

Ingveldur kynnti skóladagatal 2020 – 2021. Hefðbundið skólastarf þrátt fyrir Covid – 19 og afleiðingar þess. Smiðjuhelgar hafa fallið niður en nemendum verið bættur upp tíminn með viðveru eftir skólatíma. Laugargerði er að mörgu leiti í samfloti við Auðarskóla í Dölum og skólana í uppsveitum Borgarfjarðar. Starfsdagar eru 13, 8 dagar utan starfstíma skóla. 5 dagar á starfstíma skóla. Nemendadagar eru 180. Þar eru meðtaldir óhefðbundnir nemendadagar s.s. skólasetning, skólaslit, tvöfaldir dagar fyrir árhátíð og smiðjur svo eitthvað sé nefnt. Reykjaferð unglinga er komin á áætun aftur.

Skóladagatal samþykkt samhljóða

Starfsmannamál rædd. Ekki hafa borist umsóknir fagaðila í auglýstar stöður. Ingveldur fór yfir starfsmannaveltuna en ófyrirséð veikindi hafa verið bæði til skemmri og lengri tíma. Þetta bitnar á þeim starfsmönnum sem fyrir eru. Faglegt starf gengur engu að síður mjög vel. Ánægja og drifkraftur í því fólki sem er og ánægja í nemendahópnum. Sérkennsluþörf er mikil í skólanum og mikil þörf á aukinni sérkennslu og sér úrræðum fyrir fjölbreyttan nemendahóp. Skólastjóri kennir 24 tíma á viku sem er mun meira en upphaflega á að vera. Minna svigrúm er því í stjórnunarstörf og skipulag stjórnanda. Kennari kemur úr fæðingarorlofi í febrúar og verður þá meira svigrúm. Eins og staðan er á leikskólanum er hann ágætlega mannaður en líklega þarf að auglýsa eftir starfsmanni þar strax í vor. Einnig vantar starfsmann í afleysingar í mótuneyti, þrifum, á bókasafni og til fleiri verka sem til falla. Starfshlutfall ekki vitað en líklega er um 60 – 70% stöðu að ræða. Það verður auglýst eftir fagmenntuðu fólki, bæði í leik- og grunnskólann. Ingveldur ítrekaði góðan starfsanda, bæði meðal nemenda og kennara.

Samningur var gerður við tónlistarskóla Snæfellsbæjar. Tónlistarkennari kemur vikulega og hefur náð mjög góðum árangri. Ingveldur sagði það mikið gæfuspor að hafa gengið til samninga við Tónlistarskóla Snæfellsbæjar.

Skólinn fékk gefins bókasafnsforrit. Það er rafrænt, fyrir lítil bókasöfn þar sem börnin geta skráð sjálf inn- og útleigu á bókum.

Börn með annað tungumál en íslensku sem sitt aðaltungumál eiga rétt á sérkennslu á sínu tungumáli. Verið er að skoða þau mál.

Ingveldur kom með drög að handbók skólanefnda, þar sem kemur fram hvað er hlutverk nefndarfólks, skólastjóra, kennara og annara sem koma að skólastarfinu. Hún lagði fram umbótaáætlun fyrir skólanefnd og óskar eftir meiri aðkomu nefndarinnar. Hún lét nefndina einnig fá *Yfirlit yfir skyldur og ábyrgð skólanefnda skv lögum bæði grunn- og leiksskóla*, samantekið og unnið af Björk Ólafsdóttur. Gerð verður aðgerðaráætlun og plan sem bæði skólanefnd og skólastjóri hafa til hliðsjónar.

Ákveðið að senda sveitastjórn erindi og óska eftir að fá samning sem í gildi er við Félags og skólaþjónustu Snæfellinga. Að hann verði tekinn til skoðunar og honum fylgt eftir. Ingveldur hefur kallað eftir þessum samning bæði hjá Félags og skólaþjónustunni og oddvita Eyja- og Miklaholthrepps, án árangurs.

Mikilvægt að fá reglulega sérfræðinga á skólatímanum s.s. námsráðgjafa, talmeinafræðing og hjúkrunarfræðing. Sálfræðingur hefur komið reglulega og er vel nýttur. Sjálfstætt starfandi fagaðilar sem kæmu af og til gætu verið vænlegri til árangurs en núverandi samningur við Félags- og skólaþjónustuna skilar skólanum.

Næst fundur ákveðinn þriðjudaginn 2. febrúar 2021 klukkan 15:00 á Breiðabliki.

Fleira ekki gert og fundi slitið.

Veronika G. Sigurvinsdóttir ritaði fundargerð.

